



## Fundur í sveitarstjórn

**70. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í húsnæði grunnskólans á Bakkafirði fimmtudaginn 21. september 2017 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Josteinn Hermundsson, Heiðrún Óladóttir, Sóley Indriðadóttir, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Steinunn Leósdóttir, Jónas Egilsson skrifstofustjóri og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Hann gat þess að Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, sem á sæti í sveitarstjórn, ætti við alvarleg en viðráðanleg veikindi að stríða. Hann bað fyrir góðar kveðjur til hennar og fjölskyldu hennar frá sveitarstjórn með bestu óskum um góðan bata.

Oddviti óskaði eftir heimild til að bæta við nýjum lið á dagskrá, heimild til að gefa út byggingarleyfi fyrir þjónustumiðstöð við Fjarðarveg á Þórshöfn. Nýr liður yrði númer 5 á dagskrá og aðrir liðir færðust aftur sem því næmi.

Siggeir bað um fundarhlé kl.17.10. Fundur settur á ný kl.17.15.

Þorsteinn tók til máls.

Dagskrártillagan samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

1. Samþykktir Langanesbyggðar, fundarsköp og hæfi sveitarstjórnarmanna
2. Fundargerð 852. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1. september 2017
3. Fundargerð 5. fundar velferðarnefndar 12. september 2017
  - a. Liður 1a. Frístundastyrkur
  - b. Liður 1d. Aðgangskerfi fyrir íþrótt- og tækjasal
  - c. Liður 3. Fjárhagsáætlun og verkefni 2018
4. Fundargerð 27. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 11. september 2017
  - a. Liður 4. Hreinsunaráttak í Langanesbyggð
  - b. Liður 5. Fyrirvaralaus heimsókn á urðunarsvæði, bréf frá UST dags. 14. ágúst 2017
5. Heimild til byggingarleyfis á nýrri þjónustumiðstöð
6. Áhrif nýrra persónuverndarreglna fyrir sveitarfélög
7. Matsviðmið fyrir leiguíbúðir aldraðra
8. Niðurstöður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Langanesbyggðar gegn Heimavöllum
9. Málefni Bakkafjarðar



10. Gjaldskrá og opnunartími gámasvæða Langanesbyggðar
11. Tilfærsla á mötuneyti Grunnskólans á Þórshöfn
12. Stækkun þrek- og tækjaaðstöðu í Íþróttamiðstöðinni Veri – framhald umræðu
13. Dagskrárliðir að beiðni U-lista
  - a. Nýbygging leikskóla
  - b. Ástandsskýrslur og ástand húsnæðis leikskóla
  - c. Framtíðarsýn hafnarsvæðis
14. Skýrsla starfandi sveitarstjóra

## Fundargerð

### 1. Samþykktir Langanesbyggðar, fundarsköp og hæfi sveitarstjórnarmanna

Oddviti tók til máls og fór í almennum orðum yfir samþykktir sveitarfélagsins, fundarsköp og hæfi sveitarstjórnarmanna.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að gera tillögu til sveitarstjórnar að samþykkt fyrir sveitarfélagið um hæfi sveitarstjórnarmanna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið. Samþykktin verði unnin að höfðu samráði við þar til bæra lögfræðinga.

Til máls tóku Siggeir og Þorsteinn.

Siggeir bað um fundarhlé kl.17.26. Fundur settur á ný kl.17.29.

Samþykkt af Þorsteini, Heiðrúnu, Sóleyju og Jósteini. Á móti, Siggeir, Björn Guðmundur og Steinunn.

Björn Guðmundur lagði fram eftirfarandi bókun: U - listinn telur að það sé ekki þörf á að breyta núverandi samþykktum Langanesbyggðar enda starfar Langanesbyggð samkvæmt almennum sveitarstjórnarlögum.

### 2. Fundargerð 852. fundar stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga, 1. sept. 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 3. Fundargerð 5. fundar velferðarnefndar, dags. 12. september 2017

Fundargerðin lögð fram.

#### Liður 1a. Frístundastyrkur

Til máls tók Jónas Egilsson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögur að reglum um frístundastyrki fyrir sveitarfélagið sem taki gildi 1. janúar 2018. Þessar tillögur skulu sendar velferðarnefnd til umsagnar. Einnig er sveitarstjóra falið að gera ráð fyrir frístundastyrk við gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Samþykkt samhljóða.



## Liður 1b mótun lýðheilsustefnu

Bókun um samþykkt: Sveitarstjóra falið að vinna að mótun lýðheilsustefnu og að tekið verði tillit til þess í fjárhagsáætlunagerð 2018.

Samþykkt samhljóða.

## Liður 1C aðgengi fatlaðra að húsnæði sveitarfélagsins

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að skoða og gera áætlun um aðgengi fatlaðra að húsnæði sveitarfélagsins og taka tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Samþykkt samhljóða.

## Liður 1d. Aðgangskerfi fyrir íþrótt- og tækjasal Vers

Til máls tók Jónas Egilsson, Siggeir Stefánsson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að gera tillögur um aðgangsstýrikerfi að íþrótt- og tækjasal Vers. Tillögur um umgengnisreglur skulu sendar velferðarnefnd til umsagnar. Einnig er sveitarstjóra falið að gera kostnaðaráætlun um framkvæmdina fyrir fjárhagsáætlun 2018.

Samþykkt samhljóða.

## Liður 3. Fjárhagsáætlun og verkefni 2018

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að kalla eftir formlegum óskum Félags eldri borgara og kynna við undirbúning gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Til máls tóku Siggeir og Jónas.

Samþykkt samhljóða.

## **4. Fundargerð 27. fundar umhverfis- og skipulagnefndar, 11. september 2017**

Fundargerðin lögð fram.

### Liður 4. Hreinsunaráttak í Langanesbyggð

Til máls tók Jónas Egilsson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að senda út bréf í samræmi við drög sem fylgja fundargerðinni. Frestur til að hreinsa bílflök, járnarusl og annað sem er lýti á umhverfinu utan lóða er til loka október 2017, með vísan til heimildarákvæða í reglugerð um hollustuhætti frá 2002 og meðferð úrgangs frá 2003 og samþykktu um umgengi og þrifnað utanhúss á starfssvæði HNE.

Samþykkt samhljóða.

### Liður 5. Fyrirvaralaus heimsókn á urðunarsvæði, bréf frá UST dags. 14. ágúst 2017.

Oddviti greindi frá því að Umhverfisstofnun hefði framkvæmt fyrirvaralaus eftirlitsferð um urðunarsvæðið á Bakkafirði. Í skýrslu, sem send var að lokinni skoðun,



komu fram tvær ábendingar um atriði er vörðuðu fyrri heimild til urðunar. Brugðist hefur verið við þessum ábendingum og verktaki hefur þegar hafist handa við að framfylgja umræddum ábendingum.

#### Liður 6 verkefni inn á fjárhagsáætlun 2018

Bókun. Sveitarstjóra falið að láta gera kostnaðaráætlun er varðar deiliskipulag á Þórshöfn og Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Heimild til byggingarleyfis á nýrri þjónustumiðstöð

Lögð var fram teikning að staðsetningu á nýrri þjónustumiðstöð N1 við Fjarðarveg á Þórshöfn. Staðsetning miðstöðvarinnar er í samræmi við fyrri bókanir sveitarstjórnar sbr. 7. lið 68. fundar og 3. lið 26. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar frá 2017.

Til máls tók Jónas Egilsson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir að heimila byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir þjónustumiðstöð N1 við Fjarðarveg í samræmi við staðsetningu sem sýnd er á framlögðum uppdrætti, dags. 13. 9. 2017. Byggingarleyfi verður gefið út þegar endanleg teikning liggur fyrir. Ástæða afstöðu sveitarfélagsins fyrir umræddri staðsetningu er að skapa þarf meira rými fyrir gatnamót Eyrarveggar og Fjarðarveggar.

Til máls tóku Siggeir, Þorsteinn, Jósteinn og Jónas.

Siggeir bað um fundarhlé kl.18.11. Fundur settur á ný kl.18.20.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir leggur fram eftirfarandi bókun:

U-listinn samþykkir byggingu þjónustumiðstöðvar N1 og við fögnum byggingu hennar en setjum fyrirvara með að sveitarstjórn barst ekki teikning af skálanum og staðsetningu fyrir en á fundinum og fékk þar af leiðandi ekki ráðrúm til að kynna sér málið. Einnig óskum við eftir því að fá send nánari gögn um málið því sú teikning sem var lögð fyrir fundinn var ekki góð.

### 6. Áhrif nýrra persónuverndarreglna fyrir sveitarfélög

Minnisblað skrifstofustjóra, dags. 18. september 2017, lagt fram, ásamt greinargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá júlí sl. Þar er vakin athygli á áhrifum gildistöku nýrra laga um meðferð persónulegra upplýsinga. Löggjöfin mun leggja mun ríkari ábyrgð á hendur sveitarfélögum en áður var og veita einstaklingum mun meiri réttindi en gildandi löggjöf gerir. Einnig eru mjög rífleg sektarákvæði sem persónuvernd getur beitt ef ekki er farið að lögunum.

Til máls tók Jónas Egilsson.



**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjóra falið að gera tillögur um hvernig sveitarfélagið mætir auknum kröfum sem löggjöfinni fylgja og gera tillögur um kostnað af henni hlýst við gerð fjárhagsáætlunar 2018. Einnig er honum falið að skoða möguleika á samstarfi við önnur sveitarfélög í nágrenninu um framkvæmdina.

Samþykkt samhljóða.

#### 7. Matsviðmið fyrir leiguíbúðir aldraðra

Lögð fram tillaga að viðmiðum við mat vegna úthlutunar íbúða aldraðra í Langanesbyggð.

Til máls tók Jónas Egilsson.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að reglum fyrir sitt leyti. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kynna þessar reglur fyrir sveitarstjórn Svalbarðshrepps. Að fengnu samþykki sveitarstjórnar Svalbarðshrepps er honum falið að kynna reglurnar og auglýsa lausar íbúðir til umsóknar sem fyrst. Til máls tóku Siggeir, Þorsteinn, Steinunn og Jónas.

Samþykkt samhljóða.

#### 8. Niðurstöður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Langanesbyggðar gegn Heimavöllum

Fram er lagður dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Langanesbyggðar gegn Heimavöllum, dags. 6. júlí 2017. Í dómnum eru Heimavellir sýknaðir af kröfu Langanesbyggðar og sveitarfélagið dæmt til að greiða stefnda kr. 650.000 í málskostnað. Einnig er lagt fram minnisblað frá Lúðvíki Bergvinssyni lögmanni Langanesbyggðar, dags. 22. ágúst. sl. Þar kemur fram að ekki sé ráðlagt að áfrýja þessu máli.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir að áfrýja málinu ekki.

Til máls tóku Siggeir, Þorsteinn og Jónas.

Samþykkt samhljóða.

#### 9. Málefni Bakkafjarðar

Sérstakur starfshópur heimamanna, sveitarstjórnarmanna, þingmanna og fulltrúa Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Byggðastofnunar fór í vettvangsheimsókn til Bakkafjarðar og átti fund með heimamönnum 23. ágúst sl. Nefndin mun skila tillögum um fyrstu aðgerðir fljótlega.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn hvetur starfshóp um málefni Bakkafjarðar að skila niðurstöðum sem fyrst. Einnig styður sveitarstjórn eindregið fyrirbyggjandi hugmyndir um úrbætur sem hópurinn hefur rætt, þ.e. bættar vegsamgöngur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar, aukinn byggðakvóta til Bakkafjarðar og að Bakkafjörður verði skilgreindur



sem brothætt byggð og að byggðarlagið fái stuðning skv. því hjá Byggðastofnun. Til máls tóku Björn Guðmundur og Þorsteinn.

Samþykkt samhljóða.

## 10. Gjaldskrá og opnunartími gámasvæða í Langanesbyggð

Lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá og opnunartíma gámasvæða í Langanesbyggð, en skv. nýjum samningi við Íslenska gámafélagið mun sveitarfélagið reka móttöku sorps og úrgangs á Bakkafirði og Þórshöfn.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir framlagða verðskrá og reglur og felur sveitarstjóra að birta þær bæði á vettvangi og í opinberum miðlum á svæðinu.

Samþykkt samhljóða.

## 11. Tilfærsla á mötuneyti Grunnskóla Þórshafnar

Fram eru lagðar hugmyndir að útfærslu og nokkrum kostnaðarliðum vegna tilfærslu á mötuneyti Grunnskólans á Þórshöfn úr íþróttamiðstöðinni Veri yfir í félagsheimilið Þórsver.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir að stefna að færslu mötuneytisins úr Veri yfir í Þórsver. Miða skal við að nýtt mötuneyti verði starfshæft í byrjun skólastarfs í janúar 2018. Einnig samþykkt að fela sveitarstjóra að gera tillögur um kostnað og nánari áætlun um tímasetningu. Til máls tók Siggeir.

Samþykkt samhljóða.

## 12. Stækkun þrek- og tækjaaðstöðu í Veri

Oddviti lagði fram og gerði grein fyrir hugmyndum um breytingar á nýtingu núverandi matsalar í Veri og áhaldakaup í þreksalinn í samvinnu við áhugahóp um uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Veri. Heiðrún lagði fram svohljóðandi tillögu L og N lista:

**Tillaga:** Sveitarstjórn fagnar frumkvæði áhugahóps um uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Veri. Jafnframt er samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til viðræðna við fulltrúa hópsins um kostnaðarskiptingu vegna innkaupa á búnaði. Ennfremur er sveitarstjóra falið í samvinnu við deildarstjóra að vinna að nánari útfærslu framkominna hugmynda.

Til máls tóku Siggeir og Þorsteinn.

Samþykkt samhljóða.

## 13. Dagskrárliðir að beiðni U-lista

### a) Nýbygging leikskóla

Til máls tók Siggeir og lagði fram eftirfarandi bókun:



U-listinn lagði fyrir sveitarstjórn í apríl (63. fundur svstj. 27. apríl 2017) síðastliðnum ósk um að haldinn yrði íbúafundur þar sem kynnt yrði og rætt um staðsetningu á nýbyggingu leikskóla og jafnframt yrðu fagaðilar boðaðir til fundarins. Tillagan var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn. Með ákvörðun um staðsetningu á nýjum leikskóla á síðasta fundi sveitarstjórnar (nr. 69) er hinsvegar ljóst að meirihlutinn ætlar ekki að standa við samþykkt sveitarstjórnar um íbúafund.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar samþykkti meirihluti svstj. að byggja leikskóla við núverandi leikskóla. Þessi ákvörðun var tekin án nokkurrar umræðu í sveitarstjórn, án nokkurrar umræðu í fræðslunefnd, án samráðs við skólustjóra og starfsmenn og án samráðs við foreldra eða aðra íbúa sveitarfélagsins. Einnig hefur U-listinn ítrekað óskað eftir gögnum þar sem fram koma forsendur fyrir þessari ákvörðun meirihlutans að byggja leikskóla niðurfrá. Hefur okkar fyrirspurnum ekki verið svarað.

U-listinn telur þessi vinnubrögð óeðlilega stjórnsýsluhætti. Eðlilegir stjórnsýsluhættir væru að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð er varða hagsmuni íbúa sveitarfélagsins sem og að fylgja ákvörðunum sem samþykktar eru í sveitarstjórn. Meðhöndlun meirihlutans á þessu máli er að okkar mati óásættanleg.

U listinn leggur til að sett verði á laggirnar nefnd sem fjalli á faglegum grunni um staðsetningu og hönnun á nýjum leikskóla og haldinn verði íbúafundur samhlíða þeirri vinnu. Viljum við um leið benda á að það var nefnd að störfum um staðsetningu og hönnun á leikskóla sem komst einróma að þeirri niðurstöðu að byggja nýjan leikskóla við Grunnskólann á Þórshöfn.

Þorsteinn bað um fundarhlé kl.19.11. Fundur settur á ný kl.19.23

Heiðrún lagði fram eftirfarandi bókun:

Til skýringar á bókun U-listans: Á 63. fundi sveitarstjórnar var ákvörðun um staðsetningu ekki umræðuefni íbúafundar. Meirihluti samþykkti íbúafund en efni hans var ekki staðsetning leikskóla, því hún lá þegar fyrir, heldur fundur með fagaðilum, starfsfólki og fleirum. Samráðsferlið er þegar hafið, starfandi leikskólastjóri mun eiga fjarfund með arkitekt í næstu viku. Í kjölfarið mun arkitektinn eiga fundi með sveitarstjórn, starfsfólki leikskólans og fræðslunefnd hér á staðnum. Í framhaldi af þessu mun íbúafundur verða boðaður.

Siggeir bað um fundarhlé kl.19.25. Fundur settur á ný kl.19.27.

Siggeir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

U listinn leggur fram svohljóðandi bókun og vísar í eftirfarandi bókun sveitarstjórnar frá fundi nr. 63. þann 27. apríl 2017:

„b. Leikskóli, staðsetning. Björn Guðmundur lagði fram svohljóðandi tillögu: U-listinn leggur til að haldinn verði íbúafundur um hvar eigi að byggja nýjan leikskóla og að á hann verði fenginn Ingvar Sigurgeirsson sem hefur komið að málinu frá upphafi. Með





slíkum fundi mun íbúum gefast kostur á að bera fram spurningar til viðkomandi fagaðila, sem og að sveitarstjórn mun verða upplýst um vilja fólksins. Þorsteinn Ægir óskaði eftir fundarhléi. Fundarhlé samþykkt kl. 17:40. Fundur settur að nýju kl 17:45. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða. Hulda Kristín lagði fram svohljóðandi bókun: Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að halda íbúafund þar sem þeim fagaðilum sem koma að verkefninu verði boðið á fundinn“.

b) Ástandsskýrslur og ástand húsnæðis leikskóla. Lögð voru fram að nýju gögn um ástand og aðgerðir frá síðasta fundi sveitastjórnar.

Oddviti lagði fram og gerði grein fyrir minnisblaði Eflu með tillögum að mótvægisáðgerðum til að bæta innivist í leikskólanum Barnabóli. Siggeir óskaði eftir fundarhléi kl.19.32. Fundur settur á ný kl.19.37.

Til máls tóku Siggeir, Þorsteinn og Jónas.

Siggeir lagði fram eftirfarandi bókun:

U-listinn vill koma eftirfarandi á framfæri: Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt samhljóða að fá Sylgju Dögg Sigurjónsdóttur, líffræðing og sérfræðing á sviði myglusvepps, til að meta nánar ástand leikskólans. Við fengum sent í gærkvöldi minnisblað frá Eflu þar sem fram kemur hugmynd að bættum loftgæðum. Óskum eftir því að fá upplýsingar um hvort Sylgja og aðrir fagaðilar telji þetta duga til að bæta nægjanlega mikið loftgæði í báðum leikskólum sveitarfélagsins.

Þorsteinn bað um fundarhlé kl.19.53. Fundur settur á ný kl.20.03.

Heiðrún tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjóra er falið að hafa samband við Sylgju sem fyrst og fá álit hennar á því hvort hún telji þörf á að koma á staðinn þar sem þar sem hún er nú þegar búin að veita okkur ráðleggingar miðað við fyrirliggjandi gögn. Sveitarstjórn telur að höfðu samráði við Eflu að tillaga 2 sé ákjósanlegri kostur. Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram.

Siggeir bað um fundarhlé kl.20.02. Fundur settur á ný kl.20.05.

Bókun samþykkt af Josteini, Þorsteini, Sóleyju og Heiðrúnu. Siggeir, Björn Guðmundur og Steinunn sitja hjá.

### c) Framtíðarsýn hafnarsvæðis

Til máls tók Siggeir og lagði fram svohljóðandi greinargerð:

U listinn leggur til eftirfarandi greinargerð: Hafnaraðstaða hefur verið undirstaða atvinnulífs á Þórshöfn og á Bakkafirði í marga áratugi og er það einnig í dag. Hafnarsvæði þarf að vera í stöðugri þróun og breytingum til að mæta þörfum sjávarútvegsins á hverjum tíma.

**U-listinn leggur eftirfarandi tillögu til afgreiðslu:**





Hafnarnefnd og umhverfis- og skipulagsnefnd verði falið að fjalla um og koma með tillögur að skipulagi og þróun hafnarsvæðis á Þórshöfn og á Bakkafirði í nútíð og framtíð.

Samþykkt samhljóða.

#### 14. Skýrsla starfandi sveitarstjóra

Jónas Egilsson, starfandi sveitarstjóri, fór yfir helstu mál sem hafa verið í vinnslu frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Þann 13. september sl. var haldinn verkfundur með fulltrúum Íslenska Gámafélagsins og þeirra innan sveitarfélagsins sem koma að framkvæmd sormála í Langanesbyggð. Oddviti Langanesbyggðar sat einnig fundinn. Þar var farið yfir helstu framkvæmdaratriði samningsins, verkáætlanir o.fl. Kynningarefni er í vinnslu til íbúa og fyrirtækja. Stefnt er að íbúafundum á Bakkafirði og Þórshöfn í næsta mánuði þar sem nýtt verklag verður kynnt. Verkfundir af þessu tagi verða haldnir 3-4 sinnum á ári á samningstímanum.

Aðgerðir til að draga úr áhrifum myglu og raka í Leikskólanum Barnabóli. Í kjölfar síðasta fundar sveitarstjórnar hefur verið skipaður starfshópur til að vinna að því að lágmarka þau áhrif sem mygla og rakaskemmdir geta haft. Í þessum vinnuhópi eiga sæti frá Eflu, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Óli Þór Jónsson og Böðvar Bjarnason auk Elíasar Pétursson sveitarstjóra. Hópurinn hefur verið í sambandi sín í milli og hefur lagt fram aðgerðaráætlun um viðbrögð til að gera viðveru í leikskólanum ásættanlegri. Áætlunin er kynnt á fundinum.

Undirbúningur framkvæmda við nýjan leikskóla. Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, verður kynningar- og samráðsferli sett í gang. Fyrsti áfangi þess er fundur með leikskólastjóra eða staðgengli hans, í næstu viku um nánari útfærslu á þeim leiðum sem ákveðnar hafa verið af sveitarstjórn. Í kjölfarið á þeim fundi verðar teikningar útfærðar nánar og þær síðan kynntar fyrir sveitarstjórn, fræðslunefnd og öðru starfsfólki leikskólans og fleirum ef svo ber undir áður en lokateikningar verða gerðar.

Skemmdir urðu á hafnarbakka á Þórshöfn við ákeyrslu Sierra Loba bæði 4. og 5. sept. sl. Skýrsla hafnarvarðar, lögregluskýrsla ásamt mati á tjóni hefur verið send fulltrúar eigenda skipsins hér á landi. Beðið er viðbragða eigenda, en tjónið er metið á rúmar 900 þús. kr. Samráð hefur verið haft við lögfræðing Vegagerðarinnar og tryggingarfélag sveitarfélagsins við þetta mál. Hafnarmannvirki eru venjulega ekki með tryggingar umfram viðlagatryggingar.

Akursel ehf. opnaði formlega nýja gulrótarpökkun hér á Þórshöfn í gær að viðstöddu fjölmenni í húsnæði Langanesvegi 1 á Þórshöfn. Fyrirtækið sem á sér áratuga reynslu í garðrækt flytur starfsemi sína þar með til Langanesbyggðar, en það hefur þar með flutt starfsemi sína í byggðarlagið. Þessu ber að fagna.



Samkomulag liggur fyrir við sex grenjaleitarmenn um leit og grenjavinnslu innan Langanesbyggðar. Því sem næst öll þekkt greni innan sveitarfélagsins hafa verið hnitsett, en þau eru skv. skráð 162. Leitað var í 127 þeirra eða 78%. Þar af voru 19 í ábúð og unnin – eitt í tvígang. Alls voru 110 dýr felld við grenjaleitir í sumar.

Alþingiskosningar verða 28. október nk. Samkvæmt a lið 1. mgr. 23 gr. laga um kosningar til Alþingis er viðmiðunardagur kjörskrárstofns 5 vikum fyrir kjördag sem þýðir að viðmiðunardagur að þessu sinni er 23. september sem er næstkomandi laugardagur. Mikilvægt er því að allar þær breytingar sem þarf að gera á skráningu lögheimilis verði gerðar fyrir lok föstudagsins 22. september. Þær lögheimilisbreytingar sem berast eftir viðmiðunardag fara ekki inn á kjörskrárstofn. Til máls tóku Siggeir, Þorsteinn og Jónas. Siggeir bað um fundarhlé kl.20.22. Fundur settur á ný kl.20.24.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.52.